

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. desember 2012
UST20121100120

Efni: Umsögn -frumvarp - breyting á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir - 287. mál

Með tölvubréfi, dags. 26. nóvember sendi umhverfis- og samgöngunefnd ofangreint frumvarp til umsagnar Umhverfisstofnunar.

Frumvarp þetta var samið í samráði við Umhverfisstofnun. Stofnunin vill þó koma á framfæri tilteknum atriðum er varða framkvæmd laganna.

Í 4. gr. eru lagðar til ítarlegri reglur um endurskoðun starfsleyfa og fagnar stofnunin því. Í 3. ml. 1. mgr. 4. gr. frv. segir að heimilt sé jafnframt að endurskoða starfsleyfi að ósk starfsleyfishafa. Umhverfisstofnun bendir á að dæmi eru um að fyrirtæki óski eftir endurskoðun eða breytingu aðeins á tilteknum ákvæðum starfsleyfis vegna afmarkaðra breyttra aðstæðna er stofnuninni þá tilkynnt um slíkar breytingar s.s. fyrirhugað breytta notkun á húsnæði eða tilhögun vinnslu. Dæmi eru um að starfsleyfismál hafi verið endurupptekin í þessu skyni og gerðar minniháttar breytingar gildandi starfsleyfum. Stofnunin telur endurupptöku mál á grundvelli stjórnsýslulaga ekki heppilegustu leiðina í þessu skyni enda eru ekki fyrir hendi skrifleg viðmið á grundvelli umhverfisréttar um beitingu heimildarinnar í þeim tilvikum. Stofnunin telur of viðamikilið og kostnaðarsamt að ráðast í heildarendurskoðun starfsleyfis ef minniháttar breytingar verða á tilhögun starfseminnar. Lagt er til að heimilt verði að gera breytingar á einstökum ákvæðum starfsleyfis vegna minniháttar breytinga á rekstri. Stofnuninni telur rétt að sett verði tiltekin viðmið í þessu efni. Helstu viðmið sem nauðsynlegt er að setja að mati stofnunarinnar eru að ekki sé um framleiðsluaukningu að ræða, að breytingin sé ekki matsskyld, að breytingin rúmist innan gildandi deiliskipulags, að ekki verði aukning á losun í viðtaka né tilfærsla mengandi efna í annan viðtaka, að ekki séu horfur á röskun á líffræðilegri fjölbreytni, svæðum eða náttúrufyrirbærum sem njóta tiltekinna verndar eða öðrum verulegum neikvæðum umhverfisáhrifum. Lagt er til að heimilað verði að kynna slíkar fyrirhugaðar breytingar aðeins á heimasíðu útgefanda starfsleyfis og taka ákvörðun að undanegnu umsagnarferli. Þessi skilyrði mætti e.t.v. útfæra nánar í reglugerð. Í þessu sambandi skal bent á að samkvæmt 18. gr. forurensningsloven í Noregi (LOV 1981-03-13 nr 06: Lov om vern mot forurensninger og om avfall) er heimilt bæði að fella úr gildi og breyta ákvæðum starfsleyfis. Við ákvörðun samkvæmt ákvæðinu skal líta bæði til kostnaðaráhrifa af breytingunni fyrir rekstraraðilann sem og til þeirra kosta og galla sem breyting kann að hafa í för með sér.

Með frumvarpinu er einnig stefnt að innleiðingu tilskipunar 2001/81/EB um landsbundin efri mörk losunar fyrir tiltekin loftmengunarefni (svokallaðrar þaktilskipunar)

Samkvæmt 4. mgr. 5. gr.b. skal Umhverfisstofnun halda bókhald yfir losun tiltekinna efna sem menga andrúmsloftið, setja fram losunarspá og reka loftgæðastjórnunarkerfi samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að tryggja stofnuninni betur aðgang að upplýsingum um losun þeirra loftmengunarefna sem falla undir tilskipunina. Í 2. mgr. greinarinnar er tilgreind heimild ráðherra til að setja reglugerð um skyldu atvinnurekstrar sem háður er starfsleyfi skv. 5. gr. til að veita upplýsingar um loftgæði og losun mengandi efna út í andrúmsloftið.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er allur atvinnurekstur sem losar slík efni háður starfsleyfi á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Sem dæmi má nefna að landbúnaður er stærsta uppspretta ammoníak losunar (í kringum 90%), hluti kemur eitthvað frá vegasamgöngum og meðhöndlun úrgangs. Gögn sem er safnað fyrir loftslagsbókhald nýtast í þessu skyni en ekki er hægt að ganga út frá því að þau séu fullnægjandi. Jafnframt telur stofnunin æskilegt að unnt sé að afla upplýsinga beint frá fyrirtækjunum til Umhverfisstofnunar óháð því hvort starfsleyfi er gefið út af stofnuninni sjálfri eða heilbrigðisnefnd.

Leggur stofnunin til að bætt verði inn nýrri málsgrein, t.d. á eftir 1. mgr. 5. gr.b., í þessu skyni í samræmi við 4. mgr. 6. gr. laga um nt. 70/2012 loftslagsmál.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústs dóttir
Sviðsstjóri



Gunnlaug Einarsdóttir
Sviðsstjóri